



**HANDBÓK VALNEFNDAR
LÖGREGLUSKÓLA RÍKISINS
2015**

Efnisyfirlit

1.0	Valnefnd – hlutverk, skipan og störf	3
1.1	Hlutverk valnefndar	3
1.2	Störf valnefndar	3
2.0	Inntaka nýnema	4
2.1	Inntökuskilyrði	4
3.0	Nánari reglur og viðmið	5
3.1	Almenn heilbrigðisskilyrði	5
3.2	Sjón	5
3.3	Heyrn	5
3.4	Stoðkerfi	5
3.5	Ýmsir sjúkdómar	5
3.6	Andlegt heilbrigði	5
3.7	Líkamsþyngdarstuðull	6
3.8	Aðrar og nánari reglur valnefndar um hæfi umsækjenda	6
3.8.1	Aldur	6
3.8.2	Tjáskipti	6
3.8.3	Fíkniefnaneysla	6
3.8.4	Áfengisneysla	6
3.8.5	Ölvunarakstur	6
3.8.6	Fjárhagsstaða	6
3.8.7	Menntun	6
3.8.8	Námssamningur	6
3.8.9	Námskeið sem meta má til eininga	6
4.0	Ferill umsókna	7
4.1	Umsóknir	7
4.2	Úrvinnsla umsókna	7
4.3	Sakavottorð	7
5.0	Inntökupróf	8
5.1	Þrekpróf	8
5.2	Íslenskupróf	8
5.3	Enskupróf	8
5.4	Þekkingarpróf	8
5.5	Sálfræðimat við val á lögreglumenum	9
5.6	Um framkvæmd prófa	9
5.7	Undanþágur frá próftöku	9
5.8	Sjúkrapróf	9
5.9	Gildistími inntökuprófa	9
6.0	Að prófum loknum	10
6.1	Vinnulag valnefndar	10
6.2	Viðtal við valnefnd	10
7.0	Atriði er liggja til grundvallar vali	11
8.0	Hvernig val fer fram	12
8.1	Að vali loknu	12
8.2	Almennt vinnulag	12
8.3	Kvartanir	12
8.4	Rökstuðningur	12
8.5	Upplýsingar	13

FORMÁLI

Núverandi valnefnd Lögregluskóla ríkisins tók til starfa með breyttum lögreglulögum í júlímánuði 1997. Frá þeim tíma hefur nefndin verið að móta starf sitt, reglur og vinnubrögð. Með lögum nr. 51/2014 um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 var ráðherra eftirlátið að kveða á um í reglugerð þau inntökuskilyrði sem umsækjendur til náms í Lögregluskóla ríkisins verða að uppfylla, þar á meðal kröfur varðandi menntun, tungumálakunnáttu og fleira sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna og með það að markmiði var reglugerð nr. 445/2015 um breytingu á reglugerð nr. 490/1997 um Lögregluskóla ríkisins sett.

Nefndin hefur að mestu byggt á störfum eldri valnefndar, en þó gert breytingar til samræmis við laga- og reglugerðarbreytingar auk lítilsháttar lagfæringar aðrar.

Þessi handbók mun vafalaust taka breytingum í tímanna rás og haft verður að markmiði að störf nefndarinnar séu óaðfinnanleg og samræmis verði gætt í öllum ákvörðunum hennar.

Reykjavík í maí 2015

Valnefnd Lögregluskóla ríkisins

1.0 Valnefnd – hlutverk, skipan og störf

1.1 Hlutverk valnefndar

Valnefnd er sjálfstætt starfandi stjórnarsýslunefnd undir stjórn Lögregluskóla ríkisins.

Um valnefnd er fjallað í 3. mgr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 með síðari breytingum og 4. gr. reglugerðar nr. 490/1997 með síðari breytingum.

Í 3. mgr. 38. gr. lögreglulaga segir:

„Valnefnd velur nema í lögregluskólann úr hópi umsækjenda og eru ákvarðanir um val nema endanlegar. Nefndina skipa fimm menn, einn tilnefndur af innanríkisráðherra, einn af ríkislögreglustjóra, einn af Lögreglustjórafélagi Íslands, einn af Landssambandi lögreglumanna og einn af skólastjóra Lögregluskóla ríkisins er skal vera formaður nefndarinnar.“

Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 490/1997 segir:

„Við skólann starfar sérstök nefnd, valnefnd, sem metur hvort umsækjendur fullnægi inntöku-skilyrðum og ákveður hverjir skulu hefja nám við skólann sem lögreglunemar.“

1.2 Störf valnefndar

Valnefndarstarf fer fram í Lögregluskóla ríkisins. Allir fundir nefndarinnar eru bókaðir af ritara. Fulltrúi innanríkisráðuneytis gegnir starfi ritara jafnframt nefndarstarfi.

Nefndin getur ákveðið að einhver nefndarmanna riti fundargerð í fjarveru ritara eða sömu- leiðis fengið einhvern annan aðila til þess sem ekki situr í nefndinni. Hefur hann hvorki tillögu – né atkvæðisrétt.

Valnefnd skal skrá fundargerð þar sem fram koma a.m.k. þessi atriði:

1. Tími, staður og dagsetning.
2. Hverjir eru mættir til fundarins.
3. Mál sem lögð eru fyrir.
4. Niðurstöður mála.
5. Ákvarðanir sem teknar eru sem snerta starf nefndarinnar, breytingar á verklagsreglum eða framkvæmd funda eða prófa.
6. Nafnalisti yfir val á nýnemum þegar það á við.
7. Sérbókanir.

2.0 Inntaka nýnema

Ríkislögreglustjóri í samvinnu við Lögregluskóla ríkisins auglýsir eftir nemendum í skólann um land allt. Hann ákveður fjölda þeirra sem hefja skulu nám ár hvert, á grundvelli áætlunar um endurnýjun í lögreglu ríkisins.

2.1 Inntökuskilyrði

Í 2. mgr. 38. gr. lögreglulaga er kveðið á um hvaða almennu skilyrði lögreglumannsefni þurfa að uppfylla til að eiga möguleika á að hefja nám í Lögregluskóla ríkisins. Þar segir:

Lögreglumannsefni skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

- a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20–40 ára
- b. hafa ekki gerst brotleg við refsilög; þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið frá því að það var framið; [né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglumenn verða almennt að njóta],
- c. vera andlega og líkamlega heilbrigð og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrirbyggjandi kröfum,
- d. samkvæmt kröfum sem ráðherra setur með reglugerð varðandi menntun, starfsþjálfun, tungumálakunnáttu, líkamlega færni, áskilnað um réttindi o.fl
- e. standast inntökupróf samkvæmt kröfum valnefndar með áherslu á íslensku og þrek.

Til að staðreyna hvort viðkomandi uppfyllir skilyrði b-liðar er valnefnd heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskráum lögreglu. Um öflun málaskráupplýsinga, þar á meðal umfang upplýsingaöflunarinnar, fræðslu til umsækjenda og starfsmanna í aðdraganda uppflettingar og andmælarétt þeirra er nánar mælt fyrir um í reglugerð 490/1997 um Lögregluskóla ríkisins.

Valnefnd er heimilt að setja sér verklagsreglur þar sem fram koma þau viðmið sem stuðst er við þegar meta á skilyrði skv. b og c – lið 2. mgr. og um val á nemum í lögregluskólann.

Í 3. gr. reglugerðar nr. 490/1997 er kveðið nánar á um inntökuskilyrði. Þar segir:

„Til þess að fá inngöngu í skólann skal umsækjandi uppfylla almenn skilyrði samkvæmt 2. mgr. 38. gr. lögreglulaga með síðari breytingum. Þá verður umsækjandi að uppfylla önnur þau skilyrði sem sett verða og standast læknisskoðun og frekari inntökupróf, sbr. 2. mgr. 4. gr. Jafnframt verður umsækjandi að hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms, hafa gott vald á íslensku og ensku, hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs og vera syndur.“

Í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar segir:

„Nefndin skal leitast við að velja til náms þá hæfustu úr hópi umsækjenda á hverjum tíma. Einkum skal þess gætt að velja ekki til lögreglunáms mann, sem ætla má að eigi erfitt með að sinna lögreglustarfi svo að vel fari, svo sem vegna óreglusemi, fjárhagsvanda, eða vegna þess að hann hefur hlotið dóm fyrir brot á sérrefsilöggjöf. Nefndin skal fyrst meta hverjir um-

sækjendur eru hæfir og uppfylla almenn inntökuskilyrði. Þá skal hún láta hæfa umsækjendur undirgangast inntökupróf og önnur próf sem rétt þykir að framkvæma. Nefndin getur auk þess óskað eftir frekari gögnum frá umsækjendum eða um þá og að þeir sæti sérstakri læknis-skoðun. Umsækjandi ber kostnað af umsókn um skólavist, nema þann kostnað sem leiða kann af ákvörðunum skólans og nefndarinnar um sérstaka gagnaöflun.“

Í 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar segir svo:

„Til að staðreyna hvort viðkomandi uppfyllir inntökuskilyrði varðandi sakarferil og háttsemi er valnefnd heimilt, með samþykki umsækjanda, að afla upplýsinga um hann úr sakaskrá og málaskrá m lögreglu, sbr. 5. mgr. 38. gr. lögreglulaga með síðari breytingum. Valnefnd skal veita umsækjanda með skýrum hætti vitneskju um hvaða upplýsingar um hann verður unnið með; hver mun fá upplýsingar um hann; hvaðan upplýsingarnar koma og hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu upplýsinganna. Þegar viðkvæmar persónuupplýsingar eru ekki lengur nauðsynlegar í þágu vinnu valnefndar skal þeim eytt.“

3.0 Nánari reglur og viðmið

Frá því að valnefnd hóf störf árið 1997 hefur hún mótað nánari reglur til fyllingar reglum laganna og reglugerðarinnar um inntökuskilyrði:

Læknisfræðileg viðmið

Trúnaðarlæknir Lögregluskóla ríkisins ákvað að eftirtalin atriði verði lögð til grundvallar við inntökuskilyrði til náms í skólanum. Nefndin féllst á tillögur trúnaðarlæknis á fundi 27. apríl 2006 og Landlæknisembættið samþykkti eyðublaðið og kröfur sem gerðar eru til heilbrigði umsækjenda í maí 2006.

Læknisvottorð skal skoðað og geymt hjá heilbrigðisstofnun, nú hjá Vinnuvernd, Brautarholti 28, 105 Reykjavík og skal senda vottorðið þangað merkt: „Trúnaðarlæknir Lögregluskóla ríkisins“. Trúnaðarlæknir skólans hjá Vinnuvernd gefur valnefndinni einvörðungu upplýsingar um einstaklinga ef þeir uppfylla ekki þær kröfur sem nefndin hefur sett sem viðmið. Þau viðmið eru unnin af Vinnuvernd og samþykkt af valnefndinni og Landlæknisembættinu.

Trúnaðarlæknir veitir nefndinni aðeins upplýsingar um hvort heilsa umsækjanda sé í lagi eða ekki, án frekari skýringa.

3.1 Almenn heilbrigðisskilyrði

Umsækjandi skal vera andlega og líkamlega heilbrigður til að teljast að fullu fær til að gegna starfi lögreglumanns.

3.2 Sjón

A.m.k. 6/6 (1.0) á báðum augum.

A.m.k. 3 mánuðir hafi liðið frá sjónlagsaðgerð þegar læknisvottorð vegna umsóknar er metið. Litblinda: Væg litblinda er leyfð en ekki algjör litblinda. Byggt er á því að litblinda skerði ekki færni umsækjenda til starfsins. Umsækjandi þarf að geta greint rétt 7 af hverjum 10 spjöldum á Ishihara-prófi og/eða fallið í litblinduhóp skv. greiningu á Farnsworth Munsell D – 15 prófi.

3.3 Heyrn

Eðlileg heyrn á báðum eyrum án hjálpartækja (eðlileg heyrn skv. HTÍ er heyrn á tíðni talsviðs sem liggur < 25dB HL að meðalgildi við tíðnirnar 0.5, 1.0, 2.0, og 4.0 kHz.).

3.4 Stoðkerfi

Má ekki vera með stoðkerfisvandamál sem (kunna að) hindra viðkomandi í starfi

3.5 Ýmsir sjúkdómar

Flogaveiki, sykursýki, hjartasjúkdómar, taugasjúkdómar, blóðstorkusjúkdómar („blæðarar“), astmi ásamt öðrum sjúkdómum kunna að útiloka umsækjanda frá skólavist, enda liggi fyrir mat læknis og trúnaðarlæknis um viðkomandi umsækjanda.

3.6 Andlegt heilbrigði

Umsækjandi skal vera í góðu andlegu jafnvægi. Sjá nánar kafla 5.5.

3.7 Líkamsþyngdarstuðull

Almennt skal miðað við að líkamsstuðull sé undir 35 (BMI = kg/m²)

Dæmi er sýnt um mann sem er 100 kg á þyngd og 1.85 m á hæð:

$1.85 \times 1.85 = 3.42$; $100/3.42 = \text{BMI } 29.23$. Nánari skýringar eru á eyðublaði fyrir læknisvottorð.

3.8 Aðrar og nánari reglur valnefndar um hæfi umsækjenda

3.8.1 Aldur

Umsækjandi skal vera orðinn 20 ára og ekki eldri en 40 ára. Aldur miðast við almanaksárið.

3.8.2 Tjáskipti

Hafi umsækjandi ekki gott vald á talmáli og geti ekki tjáð sig með skýrum og óyggjandi hætti getur það útilokað hann frá skólavist.

3.8.3 Fíkniefnaneysla

Umsækjandi sem hefur neytt fíkniefna eða hefur farið í meðferð vegna fíkniefnaneyslu getur búist við höfnun um skólavist. Hafi umsækjandi farið í fíkniefnameðferð skulu a.m.k. þrjú ár hafa liðið frá því henni lauk þar til hann getur sótt um skólavist. Dagsetning miðast við lok umsóknarfrests.

3.8.4 Áfengisneysla

Hafi umsækjandi farið í áfengismeðferð skulu a.m.k. þrjú ár hafa liðið frá því henni lauk þar til hann getur sótt um skólavist. Dagsetning miðast við lok umsóknarfrests.

3.8.5 Ölvunar- og/eða fíkniefnaakstur

Umsækjandi sem hefur hlotið dóm fyrir ölvunar- og/eða fíkniefnaakstur getur ekki fengið skólavist fyrr en þrjú ár eru frá því að dómur féll.

3.8.6 Fjárhagsstaða

Umsækjandi sem er með fjármál sín í óreiðu, t.d. er gjaldþrota eða er í óeðlilega miklum ábyrgðum eða skuldum getur ekki búist við að hljóta skólavist.

3.8.7 Menntun

Tveggja ára framhaldsnám jafngildir 68 einingum, að lágmarki, í einingakerfinu. Tveggja ára nám telst ekki fullnægjandi nema jafna megji því við a.m.k. 68 einingar. Geti umsækjandi ekki sýnt ótvírætt fram á að hann hafi tilskilinn einingafjölda eða sé óviss hvernig meta skuli nám hans getur hann leitað liðsinnis hjá menntamálaráðuneytinu. Það er á ábyrgð umsækjandans að leggja fram gögn um fullnægjandi menntun, valnefnd annast ekki milligöngu í því efni.

3.8.8 Námssamningur

Samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins má meta námssamning til eininga. Skal þá hver vika metin jafngildi einnar einingar.

3.8.9 Námskeið sem meta má til eininga

Nám eða námskeið sem viðurkennt er af skólayfirvöldum, og metið er til eininga í almenna skólakerfinu, er metið á sama hátt hjá valnefnd.

4.0 Ferill umsókna

4.1 Umsóknir

Umsóknir skulu berast til Lögregluskóla ríkisins sem heldur skrá yfir umsækjendur. Umsóknir og önnur gögn eru varðveittar hjá valnefnd. Umsóknir þeirra sem ekki hljóta skólavist eru varðveittar í 1 ár en er eytt að þeim tíma loknum, nema umsækjandi óski sérstaklega eftir að fá hana endursenda. Umsóknir þeirra sem hljóta skólavist eru varðveittar í skólanum.

4.2 Úrvinnsla umsókna

Umsóknir eru skoðaðar og metnar af valnefnd. Hún tekur afstöðu til þess hverjir teljist uppfylla almenn hæfisskilyrði sem sett eru, s.s. aldur, menntun, starfsreynslu o.fl. Uppfylli umsækjandi ekki skilyrði sem sett eru tilkynnir valnefnd honum um það bréflega með upplýsingum um hvers vegna umsókn hans var hafnað. Ákvörðun nefndarinnar um val nema er endanleg sbr. 3. mgr. 38. gr. lögreglulaga 90/1996 með síðari breytingum.

Þeir sem uppfylla skilyrði laganna eru boðaðir í inntökupróf. Próf fara fram í Lögregluskólanum undir stjórn formanns valnefndar og starfsmanna Lögregluskólans.

4.3 Sakavottorð

Athygli umsækjanda skal vakin á því að skv. 5. mgr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 með síðari breytingum er valnefnd heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá.

5.0 Inntökupróf

Próf taka u.þ.b. einn og hálfan dag. Prófað er í þreki, íslensku, ensku og almennri þekkingu svo og er gert sálfræðilegt mat á umsækjendum..

5.1. Þrekpróf

Þrekprófið skiptist í þrjá þætti, *stöðvaæfingar*, *hlaup og sund*. Um er að ræða æfingaröð þar sem reynir á snerpu, styrk, þol og sundkunnáttu einstaklinga.

Nánari upplýsingar um framkvæmd þrekprófa er að finna á Lögregluvefnum.

5.2 Íslenskupróf

Kröfur í íslensku eru metnar með eftirfarandi hætti.

Hluti I – (30%) – Lesskilningur og lesminni

- ✓ Próftaki fær afhent blað með texta og hann fær 10 mínútur til að lesa textann yfir. Að þeim tíma loknum er textinn tekinn af próftaka, hann fær í hendurnar blað með 10 spurningum úr efninu og hefur 10 mínútur til að svara þeim
- ✓ Fyrir hvert nákvæmlega rétt svar eru gefin 3%

Hluti II – (40%) – Stafsetning

- ✓ Próftaki fær afhent blað með eyðum, prófvörður les síðan texta og próftaki á að fylla í eyðurnar með þeim orðum sem eru undirstrikuð á blaði prófvarðar
- ✓ Textinn er einungis lesinn einu sinni en þau orð sem eru undirstrikuð eru lesin tvisvar
- ✓ Próftaki fær hæfilegan tíma, að hámarki 10 mínútur, til að yfirfara lausn sína áður en hann skilar henni
- ✓ Fyrir hvert rétt staðsett orð er gefið 1%

Hluti III – (30%) – Málfræði

- ✓ Próftaki fær afhent blað með fimm mismunandi þáttum og hann fær 20 mínútur til að ljúka við prófið
- ✓ Fyrir hvert rétt svar er gefið 1% og í þáttum 2 og 4 þarf allt svarið (stigbreyting og fallbeyging) að vera rétt til þess að próftaki fái það metið

Til að standast prófið þarf próftaki að ná 50% árangri í hverjum námsþætti fyrir sig.

5.3 Enskupróf

Prófið er skriflegt og tekið á tölvu. Þar reynir á lesskilning og að umsækjandinn geti skrifað málfræðilega réttar setningar eða málsgreinar. Prófið er alls 70 stig.

5.4 Þekkingarpróf

Leggja skal almennt þekkingarpróf fyrir umsækjendum. Prófið á að gefa góða mynd af almennri þekkingu umsækjenda. Meðal prófatriða er m.a: Íslandssaga, mannkynssaga, þekking á íslensku þjóðfélagi, efni úr fréttum dagblaða og sjónvarps, stærðfræði, landafræði, skilningur á algengum hugtökum og spurningar sem reyna á rökhyggju o. s. frv. Spurningar alls 60, allt krossapróf.

Í þekkingarkönnun er gefin einkunn í tölustöfum frá 0 - 10. Prófið er 60 stig.

5.5 Sálfræðimat við val á lögreglumenum

Umsækjendur um nám í Lögregluskóla ríkisins gangast undir sálfræðimat þar sem lagt er mat á persónuleika, rökhugsun, ályktunarhæfni og athygli. Athuganir þessar hafa verið notaðar víðs vegar um heim í matsferli um val á lögreglumönnum. Þau eru talin bæði áreiðanleg og réttmæt í þeim tilgangi auk þess sem til eru íslensk viðmið fyrir þau. Umsjón með sálfræðiprófum hefur fulltrúi ríkislögreglustjóra í valnefnd, sem jafnframt er sálfræðingur. Einungis valnefnd hefur aðgang að þeim nema fyrir liggja upplýst samþykki um að þær megi nota í rannsóknarskyni enda liggja skilmálar um notkun fyrir í því.

5.6 Um framkvæmd prófa

Reikna má með einum og hálfum degi til próftöku. Gefin eru eðlileg hlé milli prófa en hámarkstími í bóklegum greinum eru þrjár klukkustundir.

Ef ekki eru nógu margir hæfir umsækjendur eftir fyrstu auglýsingu er valnefnd heimilt að fara þess á leit við Ríkislögreglustjóra að auglýst verði aftur. Nefndin hefur því heimild til að takmarka fjölda í fyrstu umferð, telji hún ekki nógu marga umsækjendur hæfa.

5.7 Undanþágur frá próftöku

Nefndin gefur engar undanþágur á próftöku eða veitir fresti til að ljúka prófi. Ef umsækjandi óskar eftir einhverjum sérstökum prófdegi, eða breytingu á prófdegi innan prófatímabilsins, er reynt að verða við því þegar það er mögulegt.

5.8 Sjúkrapróf

Sjúkrapróf verður haldið innan sjö daga frá boðuðum próftíma. Til þess að fá að þreyta sjúkrapróf skal læknisvottorð, er sanni veikindi eða meiðsli, hafa borist formanni valnefndar eigi síðar en þrem dögum eftir áðurboðaðan prófdag viðkomandi umsækjanda.

5.9 Gildistími inntökuprófa

Inntökupróf gilda ekki milli ára. Umsækjandi sem ekki fær skólavist skal þreyta inntökupróf að nýju ef hann sækir aftur um skólavist.

6.0 Að prófum loknum

6.1 Vinnulag valnefndar

Að fengnum niðurstöðum úr prófum hittist valnefnd og ræðir niðurstöður. Þeir umsækjendur sem staðist hafa öll próf eru boðaðir í viðtal hjá nefndinni. Nefndinni er heimilt að kalla til sérfræðinga, s.s. sálfræðing við mat á ákveðnum atriðum og geta niðurstöður slíks mats útilokað umsækjanda frá skólavist. Að loknum viðtölum hjá valnefnd ákveður hún hverjir skuli fá skólavist. Um hæfi nefndarmanna fer eftir stjórnsýslulögum.

6.2 Viðtal við valnefnd

Að inntökuprófum loknum boðar valnefnd valda umsækjendur til viðtals. Þeir umsækjendur fá u.þ.b. 20 mínútna viðtal við valnefnd hver. Viðtalið fer þannig fram að nefndarmenn skiptast á að spyrja umsækjandann fyrirfram ákveðinna spurninga. Nefndarmönnum er heimilt að skrá niður svör við spurningunum á meðan viðtal fer fram. Komi eitthvað fram í viðtalinu sem haft getur þau áhrif að umsækjandi þyki síður heppilegur til að gegna lögreglustarfi skal ritari bóka um það.

7.0 Atriði er liggja til grundvallar vali

Val á því hvaða umsækjendum er veitt innganga í skólann byggist á heildarmati á ýmsum þáttum, svo sem árangri á inntökuprófum, menntun, starfsreynslu og atriðum sem geta gefið til kynna hvort viðkomandi eigi auðvelt eða erfitt með að sinna lögreglustarfi.

Hliðsjón er m.a. höfð af eftirfarandi gögnum:

Þrekprófi, íslenskuprófi, almennu þekkingarprófi, tungumálaprófi, sálfræðimati, mati læknis, framkomu, hæfni í mannlegum samskiptum, sakavottorði og sakaferli að öðru leyti, auk frammistöðu í viðtali hjá valnefnd.

8.0 Hvernig val fer fram

Þegar valið er milli umsækjenda er umsækjendum raðað í röð þar sem tekið hefur verið tillit allra þeirra matsþátta er nefndir hafa verið.

Ef sérstakar ástæður valda því að umsækjandi, sem annars er talinn hæfur skv. hlutlægum skilyrðum, er ekki valinn, ber að bóka ástæður þess.

Verði ágreiningur innan nefndarinnar gilda þær reglur að einfaldur meirihluti ræður.

Niðurstöður um valið auk lista yfir alla umsækjendur er sendar Ríkislögreglustjóra og skólastjóra LSR. Valnefnd tilkynnir þeim umsækjendum, sem náðu inntökuprófum, bréflega um niðurstöður. Nefndin velur að auki nokkra varamenn ef einhverjir skyldu afþakka boð um skólavist eða hverfa frá námi af öðrum ástæðum. Varamönnum skal tilkynnt í hvaða sæti þeim hefur verið raðað.

8.1 Að vali loknu

Almenna reglan, skv. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, er sú að umsækjandi á rétt á að kynna sér skjöl og önnur gögn er mál hans varða.

8.2 Almenn tinnulag

Vinnulag valnefndar er þannig að fyrirspurnir um niðurstöður prófa, og aðferðir valnefndar, skulu berast formanni hennar sem hefur heimild nefndarinnar til þess að gefa umsækjendum óformleg svör um atriði er varða þeirra eigin gögn og frammistöðu.

Nefndin svarar ekki öðrum en umsækjendum sjálfum eða fulltrúum þeirra sem hafa óyggjandi umboð.

8.3 Kvartanir

Með breytingu á lögreglulögum frá 22. apríl 2002 er skotið inn í 3. tl. 38. gr. ákvæði um að ákvarðanir nefndarinnar um val nema séu endanlegar. Þær eru með öðrum orðum ekki kæránlegar.

Kvartanir til nefndarinnar verða almennt ekki teknar til skoðunar nema ný gögn, sem geti breytt málum, hafi komið fram eða líkur eru á að gögn hafi verið rangt metin. Skulu erindi um slíkt berast nefndinni skriflega. Verði formlegar kvartanir framkvæmd prófa, aðstöðu eða annað því um líkt, ber nefndinni að ræða þær og skrá í fundargerð niðurstöðu málsins og tilkynna kvartanda hver niðurstaðan hafi orðið.

8.4 Rökstuðningur

Umsækjandi, sem settur er á varamannalista eða fær ekki skólavist, á rétt á rökstuðningi á þeirri ákvörðun nefndarinnar, sbr. 21. og 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

8.5 Upplýsingar

Vilji umsækjandi fá upplýsingar eða gögn frá nefndinni, skv. stjórnsýslulögum, skal hann senda nefndinni formlegt erindi. Ýmis gögn nefndarinnar kunna þó að vera undanþegin þessu ákvæði, sbr. 16. gr. sömu laga og jafnframt 17. gr. sömu laga ef almanna- eða einkahagsmunir krefjast þess.

Vinnublöð nefndarinnar eru þessi:

- 5.001 Listi yfir umsækjendur – afhendist umsækjanda, óski hann þess.
- 5.002 Skýrsla um þrekpróf – afhendist ekki vegna upplýsinga um aðra.
- 5.003 Niðurstöður inntökuprófa – afhendist ekki vegna upplýsinga um aðra, umsækjandi fær þó að vita röð sína í prófi
- 5.004 Vinnublað á fundi – afhendist ekki, sbr. 16. gr. stjórnsýslulaga.

Önnur gögn eru fundargerðir nefndarinnar, bréf valnefndar til Ríkislögreglustjóra og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins þar sem val nefndarinnar er kynnt og greint frá varamönnum.